

Priðjudaginn 31. mars 1992.

Nr. 350/1989. **Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson**

(Jóhann Salberg Guðmundsson hrl.)

gegn

Magnúsi Sigurðssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Gerðardómur. Siðareglur. Læknar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1989. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. Að felldur verði úr gildi dómur gerðardóms Læknafélags Íslands, upp kveðinn 29. apríl 1987, í málinu: Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni.

2. Að viðurkennt verði, að áfrýjanda hafi verið rétt og skylt að veita yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum umbeðnar upplýsingar.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.“

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I.

Kröfu sína um ógildingu gerðardómsins styður áfrýjandi þeim rökum, að eigi hafi verið virtar gildandi reglur um skipan gerðardómsins og starfshætti, eins og nánar er greint frá í héraðsdómi.

Í fyrsta lagi telur áfrýjandi, að dómurinn sé ekki rétt skipaður. Ekki hafi verið farið eftir því ákvæði í siðareglum lækna, sem samþykktar voru á aðalfundi Læknafélags Íslands 1978, að annar þeirra dómara, sem kosinn er af Læknafélagi Íslands, skuli vera héraðslæknir. Í stað héraðslæknis hafi verið kosinn heilsugæslulæknir, og sé það í brýnni andstöðu við skýr fyrirmæli siðareglanna. Þótt lög um heilbrigðisþjónustu hafi tekið breytingum og heilsugæslulæknar sinni nú mörgum þeim störfum, sem áður voru

á hendi héraðslækna, þá er hlutverk og starf héraðslækna enn skýrlega afmarkað í lögum. Þeir eru sérstakir ráðunautar heilbrigðisstjórnar um allt, sem við kemur heilbrigðismálum héraðsins, og skulu þeir fylgjast með því, að þar sé fylgt lögum og reglum um heilbrigðismál, sbr. 8. gr. laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Þegar litið er til þess og afdráttarlauss ákvæðis 3. mgr. IV. kafla siðareglna lækna, verður að telja, að kjósa hafi átt héraðslækni í gerðardóminn í stað heilsugæslulæknis.

Í öðru lagi telur áfrýjandi, að gerðardómur hafi ranglega hafnað kröfu sinni um ruðning dómara sem of seint fram kominni. Eins og lýst er í héraðsdómi, þá kom krafa áfrýjanda um ruðning eins hinna föstu dómara fram með bréfi hans 6. júní 1986. Áfrýjandi hafði tilnefnt mann í dóminn hinn 16. mars 1986 og skilað greinargerð til dómsins 19. sama mánaðar. Það var ekki fyrr en eftir að gerðardómurinn hafði komið saman í fyrsta skipti á óformlegan fund, sem ekki var bókaður, til að ræða málsmeðferðina, að áfrýjandi fékk vitneskju um þá afstöðu viðkomandi gerðardómara, að hann stýddi málstað stefnda. Það er grundvallarsjónarmið, að gerðardómur sé skipaður mönnum, sem aðilar treysta, sbr. og 8. mgr. IV. kafla siðareglanna. Líta verður svo á, að áfrýjandi hafi sett fram kröfu sína um ruðning, jafnskjótt og hann fékk vitneskju um það, að fyrrnefndur gerðarmaður væri vilhallur stefnda, en eiginleg dómstörf voru þá ekki hafin. Á það ber og að líta, að engin tímamörk eru sett, hvað þetta varðar, í IV. kafla siðareglanna.

Í þriðja lagi byggir áfrýjandi kröfu sína á því, að gerðardómurinn hafi brotið það ákvæði IV. kafla siðareglanna, að dæma skuli í hverju máli svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan misseris, frá því að málsaðilar kusu dómara, nema aðilar hafi komið sér saman um lengri frest. Aðilar höfðu tilnefnt dómara af sinni hálfu í gerðardóminn 16. mars 1986, en dómur var ekki kveðinn upp fyrr en 29. apríl 1987, sjö og hálfum mánuði eftir að frestur var liðinn samkvæmt framansögðu.

Þegar litið er til þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að svo miklir ágallar séu á málsmeðferð gerðardómsins, að óhjákvæmilegt sé að fella hann úr gildi. Að þessari niðurstöðu fenginni er ekki ástæða til að fjalla um þá málsástæðu áfrýjanda, að í gerðardóminum sé ekki gerð fullnægjandi grein fyrir því ákvæði

í 1. gr. III. kafla siðareglanna, sem áfrýjandi er talinn hafa brotið gegn.

II.

Áfrýjandi krefst þess í öðru lagi, að viðurkennt verði, að sér hafi verið rétt og skylt að veita yfirboðurum sínum og herra settum embættismönnum umbeðnar upplýsingar. Með dómi Hæstaréttar frá 27. október 1988 var kveðið á um það, að gerðardómurinn skæri ekki úr um þetta efni og að áfrýjandi ætti lögvarða hagsmuni af því að fá úr því leyst af dómstólum.

Fram er komið í málinu, að hvorki heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið né landlæknir áttu frumkvæði að öflun upplýsinga þeirra, sem mál þetta snýst um, en áfrýjandi hafði kynnt þeim málið og taldi sig hafa samþykki þeirra. Ekki er fram komið, að áfrýjandi hafi haft fullkomið samráð við stefnda, sem var yfirlæknir heilsugæslustöðvarinnar, áður en skýrslan var gerð. Í ljós er leitt, að tryggingayfirlæknir óskaði eftir því við áfrýjanda, að hann gæfi umbeðnar upplýsingar. Tryggingayfirlæknir er ekki yfirmaður áfrýjanda með boðvald gagnvart honum. Verður samt við það að miða, að áfrýjandi hafi aflað umbeðinna upplýsinga í trausti þess, að tryggingayfirlæknir kæmi fram á vegum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Samkvæmt framansögðu er ljóst, að áfrýjanda var ekki, eins og hér stóð á, skylt að veita framangreindum aðilum þessar upplýsingar, en telja verður, að honum hafi verið það heimilt.

III.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Felldur er úr gildi dómur gerðardóms Læknafélags Íslands frá 29. apríl 1987 í málinu Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni.

Viðurkennt er, að áfrýjanda, Guðmundi Bergsteini Jóhannssyni, var heimilt að veita Tryggingastofnun ríkisins, heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og landlækni umbeðnar upplýsingar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um úrskurð frá gerðardómi codex ethicus Læknafélags Íslands í gerðardómsmáli milli aðila. Um skipan og störf þessa gerðardóms gilda ákvæði í siðareglum lækna, sem settar eru á vegum Læknafélags Íslands. Höfðu gildandi reglur verið samþykktar á aðalfundi félagsins 1978. Samkvæmt þeim er dómurinn skipaður þremur föstum dómendum ásamt tveimur, er málsaðilar nefna til hverju sinni. Eru tveir hinna föstu dómenda kjörnir á aðalfundum félagsins, á víxl til tveggja ára í senn. Í reglunum frá 1978 var svo um mælt, að annar þeirra skyldi vera úr hópi héraðslækna. Eigi að síður höfðu aðalfundir félagsins gert þá ráðstöfun að kjósa heilsugæslulækni í þetta sæti í dómnum, áður en deila aðila kom til. Eru forsendur að þessu ræddar í hinum áfrýjaða dómi. Auk þeirra verður að líta til þess, að um er að ræða kjör frá hendi þeirrar valdstofnunar, sem sett hafði reglurnar sjálfar. Að öllu athuguðu eru ekki efni til að líta svo á, að þessi tilhögun fari í bága við siðareglurnar, svo að dómskipan í máli aðila hafi verið ólöglegt.

Samkvæmt ákvæðum siðareglunnanna á málsaðili rétt á að ryðja einum hinna föstu dómenda úr gerðardómnum, og taki þá vara maður sæti hans. Kröfu um slíkan ruðning þarf ekki að rökstyðja, og er rétturinn ekki háður því, að um sé að ræða vanhæfi til meðferðar hins einstaka máls, sem lagt er fyrir dómnum. Eðlilegt er að neyta þessa réttar, áður en gerðardómsmeðferð byrjar, um leið og aðilar tilnefna eigin fulltrúa í dómnum, enda fyrir fram kunnugt um hina föstu dómendur. Krafa áfrýjanda um ruðning í máli sínu var síðar til komin og auk þess byggð á staðhæfingum, sem fremur horfðu til vanhæfissjónarmiða. Ljóst er, að hinn umdeildi gerðar maður taldi sig ekki vanhæfan til meðferðar málsins, og ósannað er, að staðhæfingar áfrýjanda hafi átt við gild rök að styðjast. Eru ekki efni til að vefengja úrlausn gerðardómsins um kröfu áfrýjanda né heldur hæfi dómsins.

Um meðferð gerðardómsmálsins er það ljóst, að hún sætti verulegum tögum á undirbúningsstigi og síðan aftur, eftir að gerðardómurinn var kominn saman og krafa áfrýjanda um formhlið málsins var komin fram. Hins vegar var málið rekið með eðlilegum

hraða, eftir að það komst á skrið. Tafir af þessu tagi eru of algengar til þess, að unnt sé að hrinda úrskurði gerðardómsins vegna þeirra einna saman.

Telja verður eftir atvikum, að áfrýjanda hafi ekki verið skylt að veita þær upplýsingar, sem um er deilt í málinu, eins og rakið er í atkvæði annarra dómenda. Álitamál er, hvort lögvarðir hagsmunir hans ná til að fá skorið úr því einu, hvort honum hafi verið þetta heimilt, og reifun málsins um það atriði er ekki tæmandi.

Með þessum athugasemdum tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans. Ég er samþykkuur þeirri ákvörðun annarra dómenda, að málskostnaður falli niður.

Dómur aukadómpings Árnæssýslu 18. júlí 1989.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflytningi þriðjudaginn 13. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri þriðjudaginn 6. október 1987.

Stefnandi er Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson, Stuðlaseli 27, Reykjavík (nnr. 3082-4105).

Stefndi er Magnús Sigurðsson, Seylum, Ölfushreppi, Árnæssýslu (nnr. 6281-9014).

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. „Að felldur verði úr gildi dómur gerðardóms skv. codex ethicus Læknafélags Íslands, upp kveðinn 29. apríl 1987, í málinu: Guðmundur B. Jóhannsson gegn Magnúsi Sigurðssyni. Dómsorð hljóðar svo: „Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.“

2. Þess er krafist „í framhaldi af framangreindri kröfu um ógildingu á dómi nefnds gerðardóms, að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda hafi verið rétt og skylt og með öllu frjálst og vítalaut að láta greindum yfirboðurum sínum og hærra settum embættismönnum í té umbeðnar upplýsingar, sbr. nánar hér á eftir“.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar, að kröfur stefnanda í málinu verði eigi teknar til greina og stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Í þinghaldi 16. maí 1988, eftir að leitað hafði verið árangurslaust um sættir og áður en aðalflytningur skyldi hefjast, gerði stefndi þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Þessu mótmælti stefnandi, og var síðan ágreiningurinn um frávísunarkröfuna sóttur og varinn munnlega af aðilum og

málið tekið til dóms eða úrskurðar um frávisunarkröfuna. Dómur var upp kveðinn 15. júní 1988 á þá leið, að 2. kröfulið stefnu í málinu var vísað frá dómi, en ákvörðun málskostnaðar látni biða efnisdóms um 1. kröfulið. Þennan dóm kærði stefnandi til Hlæstaréttar með bréfi, dagsettu 23. júní 1988, og krafðist þess, að frávisunardómurinn yrði felldur úr gildi og að lagt yrði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krafðist stefnandi kærúmálskostnaðar úr hendi stefnda. Hinn 27. október 1988 kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu, og var hinn kærði frávisunardómur úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju, en kærúmálskostnaður var felldur niður.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að með bréfi til forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, heilbrigðisráðuneytis og landlæknis, dagsettu 18. apríl 1984, sendu Guðmundur B. Jóhannsson, stefnandi máls þessa, og Sigurður Ingi Sigurðsson, heilsugæslulæknar á Selfossi, þessum aðilum „yfirlit til sam- burðar á upphæðum reikninga lækna við Heilsugæslustöðina á Selfossi miðað við fjölda tímapantana á stofu”, og náði yfirlitið yfir allt árið 1983 og janúar- og febrúarmánuð 1984.

Einn lækna heilsugæslustöðvarinnar, Magnús Sigurðsson, stefndi í máli þessu, taldi bréfi þessu stefnt gegn sér og að með því hefðu læknarnir gerst brotlegir við 1. gr. III. kafla siðareglna lækna, og kærði þá fyrir siðanefnd læknafélagsins. Siðanefndin kvað upp þann úrskurð 5. mars 1985, að nefndir lækna hefðu með ritun nefnds bréfs brotið gegn 1. gr. III. kafla codex ethicus Læknafélags Íslands, og veitti þeim af því tilefni áminningu.

Þessari niðurstöðu siðanefndar vildi stefnandi máls þessa ekki una og áfrýjaði úrskurði siðanefndar til gerðardóms skv. codex ethicus Læknafélags Íslands með bréfi, dagsettu 1. apríl 1985, og krafðist þess, að honum yrði hnekkt. Gerðardómurinn kvað síðan upp dóm í málinu 29. apríl 1987, þar sem úrskurður siðanefndar var staðfestur, að því er varðaði Guðmund B. Jóhannsson, stefnanda máls þessa.

Í rekstri málsins bar stefnandi fram kröfu um ruðning eins hinna „föstu dómenda“ samkvæmt heimild í reglum um dóminn, en þeirri kröfu var hafnað sem of seint fram kominni.

Við meðferð málsins voru rofnir allir frestir, sem settir eru í reglum um dóminn.

Stefnandi vildi eigi una dómi gerðardómsins og höfðaði því mál þetta fyrir dómi.

Forsendur og niðurstaða.

Um fyrri stefnukröfu:

Krafa stefnanda um ómerkingu á dómi gerðardómsins er reist á því, að skipan dómsins og starfshættir hafi eigi verið í samræmi við gildandi reglur, og hefur stefnandi nefnt þrjár ástæður fyrir því.

Skal nú vikið að fyrstu ástæðunni, þ.e.a.s. þeirri, að Læknafélag Íslands hafi ekki kosið héraðslækni í dóminn. Ákvæði codex um það, að annar þeirra manna, er Læknafélag Íslands kys í dóminn, skuli vera héraðslæknir, er frá tíð eldra skipulags, þegar verkefni héraðslæknis voru að mestu leyti önnur en þau eru nú. Nú hefur starfi hinna gömlu héraðslækna verið skipt þannig upp milli heilsugæslulækna og héraðslækna, að heilsugæslulæknar vinna að meginhluta almenn lækni- og störf, en héraðslæknar að meginhluta stjórnunarstörf. Læknafélagið hefur hins vegar ekki breytt nefndu ákvæði í codex, og ljóst er, að lög frá Alþingi breyta ekki sjálfkrafa codex lækna, hvorki að því er varðar orðalag né merkingu hugtaka. Hugtakið héraðslæknir verður því í þessu sambandi að skýra í samræmi við breytta löggjöf með hliðsjón af því, hver tilgangurinn hafi verið með þessu ákvæði, þegar það var sett. Það er sameiginlegt með hinum gömlu héraðslæknum og heilsugæslulæknum nú, að meginstarf þeirra er almennar lækningar í héraði. Það verður því samkvæmt eðli málsins að teljast í samræmi við codex að kjósa heilsugæslulækni í dóminn, og verður dómurinn samkvæmt því að teljast að þessu leyti rétt skipaður.

Þá er og á það að líta, að stefnandi gerði ekki athugasemd við þessa skipan dómsins, jafnskjótt og tilefni var til, og gerði það ekki fyrr en eftir, að dómur honum í óhag var fallinn. Með því að senda dómnum greinargerð án þess að gera athugasemd við skipan hans telst hann hafa samþykkt hann eins og hann var skipaður og á því engan rétt á því að fá dóminn felldan úr gildi af þessum sökum.

Önnur ástæða stefnanda er sú, að hann hafi átt rétt á því að ryðja Sigursteini Guðmundssyni úr dómnum, en þeirri kröfu hafi ranglega verið hafnað, og þar að auki hafi meðferð gerðardómsins á þeirri kröfu eigi verið nægjanlega formleg.

Rétturinn til þess að ryðja einum hinna föstu dómenda úr dómnum verður auðvitað að vera þeim takmörkunum háður, sem leiðir af öðrum réttarforsreglum, þ. á m. þeirri almennu réttarforsreglu, að málsástæður, mótmæli og kröfur skulu jafnan koma fram, jafnskjótt og tilefni verður til, en að öðrum kosti megi ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina.

Þar að auki er auðvitað ljóst, að krafa um ruðning dómara verður að koma fram, áður en dómurinn byrjar að fjalla um málið.

Með bréfi gerðardómsins, dagsettu 19. febrúar 1986, var stefnanda tilkynnt um hina föstu dómendur, þ. á m. Sigurstein Guðmundsson, og

var þess jafnframt óskað, að stefnandi tilnefndi lækni í dóminn af sinni hálfu. Hér var strax komið tilefni til þess að bera fram kröfu um ruðning dómara, og hefði verið eðlilegast, að hún hefði verið sett fram, um leið og stefnandi tilnefndi mann í dóminn með bréfi, dagsettu 16. mars 1986, en stefnandi lét þar enga kröfu fylgja um ruðning dómara. Þremur dögum síðar er greinargerð hans dagsett, og hefur ekki komið fram í málinu, að krafa um ruðning dómara hafi verið sett fram, þegar hún var send dóm-inum.

Kröfu um ruðning setur stefnandi ekki fram fyrr en með bréfi, dagsettu 6. júní 1986, en þá hafði gerðardómurinn þegar komið saman og fjallað um málið. Tilefni hinnar síðbúnu kröfu um ruðning virðist hafa verið það, að stefnandi hafði fregnað af lokuðum fundi dómara um málið, að Sigursteinn Guðmundsson hefði við umfjöllun málsins á fundinum lýst yfir stuðningi sínum við málstað stefnda, og virðist stefnandi hafa fengið þessa frétt af lokuðum dómara fundi hjá þeim lækni, er hann tilnefndi í dóminn, sbr. bréf þess læknis til stefnanda, dags. 13. maí 1988.

Ljóst er af þessu, að krafan um ruðning dómara kom alls ekki fram, jafnshjót og tilefni var til, og kom þar að auki fram, eftir að dómurinn var byrjaður að fjalla um málið og sá dómari, er ruðningarkrafan beindist að, hafði tjáð sig á lokuðum dómara fundi um málið.

Samkvæmt þessu var gerðardóminum óheimilt að taka þessa síðbúnu kröfu um ruðningu dómara til greina, og kemur þar einnig til tillit til stefnda, þar sem sá, er ryðja átti, hafði á lokuðum dómara fundi lýst stuðningi við málstað hans.

Um meðferð gerðardómsins á ruðningarkröfu stefnanda er eftirfarandi að segja:

Í starfsreglum gerðardómsins er ekkert, sem býður, að formlegan úrskurð þurfi um kröfu um ruðningu dómara.

Þær starfsreglur dómsins í codex ethicus, sem hér koma einkum til álita, eru í fyrsta lagi reglan í 4. tölulið, að allar ákvarðanir dómsins, bæði í sambandi við málflutning og úrskurð, skuli reisa á meiri hluta atkvæða, og í öðru lagi reglan um, að gerðardómurinn hlíti um málsmeðferð að öðru leyti en fyrir er mælt í codex þeim réttarfangsreglum, sem tíðkast hér á landi á hverjum tíma, svo fremi málsaðilar hafi ekki komið sér saman um annað. Hina síðarnefndu reglu ber að túlka með hliðsjón af því, að almennt er litið svo á, að eigi beri að gera jafnstrangar kröfur um málsmeðferð fyrir gerðardómi og fyrir almennum dómstólum, og er þar af leiðandi rétt að líta svo á, að með réttarfangsreglum sé þarna átt við þær reglur, er hlíta beri við málsmeðferð í gerðardómum, enda ekkert í codex, sem bendir til þess, að ætlast sé til, að beitt skuli ströngustu reglum um meðferð mála fyrir almennum dómstólum.

Meðferð gerðardómsins á kröfu stefnanda um ruðningu Sigursteins Guðmundssonar úr dóminum var samkvæmt þeim gögnum, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, svo sem nú skal greina:

Hinn 7. ágúst 1986 kom gerðardómurinn saman, og voru þar allir föstu dómaramir þeir, Tómas Helgason, Gunnlaugur Snædal og Sigursteinn Guðmundsson. Einnig var þar Skúli Johnsen, sem stefnandi hafði tilnefnt í dóminn, en fjarverandi var Brynleifur Steingrímsson, sem stefndi hafði tilnefnt í dóminn. Dómendur tóku til meðferðar kröfu stefnanda um, að Sigursteinn Guðmundsson viki úr dóminum. Síðan segir svo í plaggi því, sem stefnandi hefur lagt fram um fund þennan: „Krafa Guðmundar kemur ekki fram fyrr en eftir, að dómurinn er byrjaður að fjalla um áfrýjun Guðmundar B. Jóhannssonar á úrskurði síðanefndar vegna kæru Magnúsar Sigurðssonar á hendur Guðmundi. Eftir umræður um kröfu Guðmundar var ákveðið að fela formanni að kveða upp úrskurð um kröfuna.”

Formaður gerðardómsins, Tómas Helgason, sendi síðan stefnanda svo-fellt bréf, dagsett 26. ágúst 1986:

„Visa til bréfs frá 6. júní 1986, þar sem farið er fram á, að Sigursteinn Guðmundsson viki úr gerðardómi.

Að vel athuguðu máli og eftir dómarafund 7. ágúst 1986, þar sem mættir voru auk undirritaðs Gunnlaugur Snædal, Skúli Johnsen og Sigursteinn Guðmundsson, hefur verið ákveðið að hafna ósk um, að Sigursteinn viki úr dóminum, með því að óskinn sé of seint fram komin.

Þessi ósk kemur ekki fram fyrr en eftir, að dómurinn hefur haldið fund til að fjalla um mál ykkar Magnúsar Sigurðssonar. Á slíkum fundi er að sjálfsögðu rætt um fram komin gögn í viðkomandi máli, og jafnvel þó að einhver telji á þeim tíma, að rök annars málsaðila séu betri en hins, eru slík ummæli algjörlega óbindandi og viðkomandi aðili opinn fyrir nýjum rökum í málinu og tekur endanlega afstöðu, þegar öll gögn liggja fyrir. Er því ljóst, að Sigursteinn hefur ekki tekið afstöðu fyrir fram í málinu og hann er jafnóhlutdrægur og hæfur til að dæma í því og aðrir meðlimir gerðardómsins.”

Hinn 18. mars 1987 kom gerðardómurinn saman, og voru allir dómendur mættir nema Sigursteinn Guðmundsson. Í plaggi því, er stefnandi hefur lagt fram um fundinn, segir svo: „Rædd var krafa Guðmundar B. Jóhannssonar um, að einn dómenda, Sigursteinn Guðmundsson, viki úr dómi vegna þess, að komið hefði fram stuðningur hans við málstað Magnúsar Sigurðssonar. Á fundi gerðardóms 7. ágúst 1986 var formanni falið að kveða upp úrskurð um þetta mál, án mótmæla. Formaður kvað síðan upp úrskurð um, að hafnað skuli þessari beiðni, að Sigursteinn viki úr dómi, þar sem ósk sé of seint fram komin. Visast að öðru leyti til bréfs formanns til

Guðmundar Jóhannssonar lækni, dags. 26. ágúst 1986. Fyrri ákvörðun formanns staðfest.”

Þegar þessi málsmeðferð gerðardómsins er virt, kemur í ljós, að á fundi gerðardómsins 7. ágúst 1986 voru þeir fjórir dómendur, sem mættir voru, þ.e.a.s. meiri hluti dómenda, sammála um, að krafan væri of seint fram komin, vegna þess að dómurinn hefði verið byrjaður að fjalla um málið, áður en hún kom fram. Formanni var síðan falið að kveða upp úrskurð, eins og það er orðað, en niðurstaða og rökstuðningur hafði þegar verið ákveðin af fundinum, og verk formannsins var því ekki annað en koma ákvörðun dómsins í formlegan búning.

Með bréfi dómsformanns, dags. 26. ágúst 1986, var stefnanda tilkynnt þessi ákvörðun, og er í bréfinu vísað til dómarafundarins 7. ágúst 1986 og tekið fram, hverjir hafi þar verið mættir. Bæði bréf formannsins og annað, sem fram hefur komið í málinu, sýnir, að formaðurinn hefur ekki staðið einn að þessari ákvörðun, heldur meiri hluti dómenda og reyndar allir að lokum.

Hinn 18. mars 1987 komu fjórir dómendur á fund, þ.e.a.s. meiri hluti. Þar staðfestu þeir allir þessa ákvörðun, að hafna kröfu stefnanda um ruðningu Sigursteins, þar sem hún væri of seint fram komin.

Krafa stefnanda var því til meðferðar á tveimur dómarafundum, þar sem fjórir dómsmanna af fimm voru mættir í bæði skiptin og allir sammála um ákvörðun eða staðfestingu ákvörðunar í bæði skiptin.

Allir dómendurnir fimm hafa þannig staðið að þessari ákvörðun, þar af hafa þrír samþykkt hana tvisvar.

Ótvíræður sameiginlegur vilji allra dómsmanna stóð að baki þeirri ákvörðun, sem tekin var.

Þessi málsmeðferð í gerðardómi verður samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að teljast nægilega vönduð.

Þriðja ástæða stefnanda er sú, að dómurinn hafi rofið tímamörk um málsmeðferð, sem honum eru sett í codex. Enda þótt dómurinn hafi rofið tímamörk, sem codex setur um málsmeðferð, hefur það engin áhrif á gildi dómsins, og ber ekki að ógilda hann af þeirri ástæðu. Hins vegar gætu stórfelld og ítrekuð brot á þessum verklagsreglum codex um tímamörk valdið því, að læknafélagið gerði einhverjar ráðstafanir almennt vegna þeirra, en brot á þessum verklagsreglum hafa hvorki áhrif á gildi einstakra dóma né valda því, að þá beri að ógilda.

Um síðari stefnukröfu:

Sýkna verður stefnda af síðari stefnukröfunni í máli þessu þegar af þeirri ástæðu, að stefnanda var alls ekki skylt að láta landlækni og tryggingayfir-

lækni umræddar upplýsingar í té. Honum var þetta ekki skylt af mörgum ástæðum, og eru þessar helstar: Í fyrsta lagi vegna þess, að umrædd upplýsingagjöf verður ekki talin hafa verið í verkahring hans, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem bendir til þess, eins og t.d., að hann hafi verið yfirmaður heilsugæslustöðvarinnar. Í þessu sambandi skal tekið fram, að í bréfum landlæknis og tryggingayfirlæknis, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, er tekið fram, að þeir hafi óskað eftir umræddum upplýsingum, og hér fyrir dómi hefur landlæknir staðfest, að einungis hafi verið um ósk að ræða. Í öðru lagi vegna þess, að tryggingayfirlæknir var ekki yfirmaður hans og landlæknir bað ekki um þessar upplýsingar að fyrra bragði, heldur óskaði eftir þeim, þegar stefnandi sagði honum, að þær væru tiltækar. Í þriðja lagi vegna þess, að þegar tekið er mið af siðareglum lækna um samskipti þeirra, var honum þetta ekki skylt að landslögum, en þegar reglur um starfsskyldur lækna eru túlkaðar, ber að sjálfsögðu ávallt að hafa í huga siðareglur lækna og gæta þess að túlka ekki landslög svo, að þau stangist að nauðsynjalausu á við eðlilegar og skikkanlegar (sic) siðareglur lækna, og er hér m.a. átt við 1. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 kr., þar með talinn söluskattur.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Magnús Sigurðsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Bergsteins Jóhannssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað.